



Heil og sæl öll

Tilfni þessa bréfkorns er að ræða um lestur og árangur íslenskra barna í læsi. Eins og ykkur er sjálfsagt kunnugt um þá sýna ítrekaðar mælingar hrapandi lestur íslenskra barna og unglinga og dvínandi áhuga á lestri. Það er svo sannarlega vandamál en lestur er undirstaða náms og grunnur að góðu lífi í siðmenntuðu samfélagi og þess að njóta lífsgæða í framtíðinni. Það að kenna og hjálpa börnum að læra að lesa hlýtur því að teljast eitt af mikilvægustu verkefnum bæði skóla og heimila.

Hvernig er hægt að bregðast við þessum vanda. Hvar og hvernig höfum við skólarnir, fjölskyldurnar og samfélagið brugðist? Gjarnan er bent á fjölmörg afþreyingartæki eins og að tölvuleikir og snjallsímar séu sökudólgar auk ónógs tíma. Tölvuleikir og tækni eru ekki af hinu illa heldur geta þvert á móti verið kærkomin menntun og afþreying sem veita börnum nauðsynlega innsýn og þekkingu í heim tækninnar, heim sem verður stöðugt mikilvægari hluti af samfélaginu. Tölvurnar og símarnir fara ekki neitt og áhugi barna og fullorðinna á tækni er ekki að dvína.

Það er ljóst að lesskilningur dvínar því minna sem lesið er. Það leiðir svo til þess að minni færni í lestri þýðir lélegri árangur í námi og eykur líkur á atvinnuleysi og brotthvarfi úr skólum. Barn sem lítið eða ekkert les mun þegar það eldist eiga erfiðara með að setja sig inn í þjóðfélagsmál og skilja sjálfsagða þjóðfélagssumræðu.

Og hvað eigum við til bragðs að taka. Svárið er einfalt, kostar lítið og er ákaflega árangurssríkt. Eldgömul vísindi sem líkjast nánast töfrum. Lesum meira fyrir börnin bæði á heimilum og í skólum, gefum börnunum meiri tími og hlustum á þau lesa dag hvern. Hættum ekki að lesa saman eða hlýða á lestur þeirra þó svo að þau séu orðin læs. Það er átakanlegt til þess að hugsa að umhverfið sem við erum að skapa börnum okkar sé svo stressað að við neitum börnunum og okkur sjálfum um þá gleði og árangur sem getur falist í góðri lestrarstund. Það að gera slíkt að venju bætir ekki bara upp lélega lestrarfærni og orðfátækt heldur gefur barninu þá tilfinningu að lestur sé jákvæður. Margir forráðamenn leggja hart að sér og gefa sér tíma til að styðja börnin sín í hvers kyns tómsundum. Það er gott en gleymum ekki að sinna námi barnanna – það er til lítils að verða afreksmaður í íþróttum, tónlist eða öðru ef grunnfærni í námi er ekki til staðar.

Núna undanfarna daga höfum við haldið skólaþing með nokkrum árgöngum þar sem við höfum rætt hnignandi árangur í lestri. Börnin sjálf eru fljót að koma með skýringarnar. Þau segja „við erum of mikið í tölvunum, erum mikið upptekin í íþróttum og tómsundum og foreldrarnir sjálfir eru líka á kafi í tækjunum sínum þegar heim er komið á kvöldin“. Bragð er af þá barnið finnur. En hvers er að stjórna og breyta – svárið er morgunljóst. Það erum við fullorðnu sem eigum að stjórna, leiðbeina, breyta viðbrögðum okkar og forgangsroðun. Barnið á það skilið að vera sett í forgang, börnin þurfa á okkur að halda í örfá ár og okkur ber að sinna þeim vel.

Setjum lestur í forgang, það er nauðsynlegt, ódýrt og ómetanlegt. Nú á morgun hefst landskeppni í lestri „Allir lesa“ og við í Flataskóla ætlum að sjálfsögðu öll að taka þátt bæði nemendur og starfsfólk. Við biðjum ykkur ágætu forráðamenn að taka þátt í því með okkur. Hvetjið börnin, sýnið þessu mikilvæga námi áhuga. Börnin ykkar munu ekki verða læs nema að skólinn og fjölskyldan vinni saman að því. Umsjónarkennararnir munu senda ykkur frekari leiðbeiningar vegna skráninga og framkvæmdarinnar á Allir lesa.

Ég kveð að sinni en spyr að lokum – hvað ætlið þið að lesa fyrir börnin ykkar í kvöld?

Skólastjórnendur Flataskóla